



BS-verkefni í skógfræði: Greining á skráðum upplýsingum úr nýskógræktarverkefnum

Ásdís Björk Friðgeirsdóttir, leiðbeinendur: Björn Traustason og Úlfur Óskarsson

Landbúnaðarháskóli Íslands (nem.abf1@lbhi.is); Land og skógur (bjorn.traustason@landogskogur.is, ulfur.oskarsson@landogskogur.is)

Mikið af upplýsingum úr nýskógræktarverkefnum hefur verið skráð í ArcGIS-gagnagrunninn en lítið hefur verið um greiningar á gögnunum. BS-verkefnið felst í úrvinnslu tölulegra gagna um val á tegundum og landgerðum til að skoða mismæmi þar sem framkvæmdaskráning endurspeglar ekki ræktunaráætlun, það er að segja hvort mismæmi er milli þeirra trjátegunda sem er lagt til að séu gróðursettar samkvæmt áætlun og þeirra tegunda sem eru gróðursettar í raun. Verkefnið beinist að megintrjátegundunum fimm á Íslandi og gróðurhverfum sem hafa verið flokkuð í nokkra landgerðarflokka.

Rannsóknarspurningarnar eru: 1) Hvernig er hægt að nýta skráðar upplýsingar úr nýskógræktarverkefnum til að bæta skógræktarráðgjöf? 2) Er munur eftir landshlutum hversu mikið mismæmi er milli ræktunaráætlunar og framkvæmdaskráningar? 3) Hverjar eru mögulegar ástæður fyrir því að aðrar trjátegundir eru gróðursettar en þær sem voru áætlaðar? 4) Í hvers konar skógræktarland er verið að ráðleggja gróðursetningu megintrjátegundanna fimm í íslenskri skógrækt og hver er breytileikinn eftir landshlutum? 5) Í hvaða landgerðum er síður fylgt í ræktunaráætlun?

Framboðsskortur er algeng ástæða fyrir mismæmi á því hvaða trjátegund er gróðursett miðað við ræktunaráætlun og hefur verið lítið framboð af rússalerki og alaskaösp í mörg ár en framboðið á ösp er mun betra núna. Einnig var skortur á ilmbjörk fyrir einhverjum árum en ekki síðustu árin. Aftur á móti hefur verið mikið framboð af stafafuru og því hefur hún verið mikið notuð í sumum tilvikum.

Ein ástæða fyrir mismæmi á því að rússalerki hafi ekki verið gróðursett eins og lagt var til í ræktunaráætlun á Vesturlandi er sú að rússalerki þolir illa hafrænt loftslag og því hefur önnur trjátegund verið notuð þegar til framkvæmda kom.

Í verkefninu verður fleiri ástæðum fyrir mismæmi lýst en töluvert er um óskráðar trjátegundir á Austur- og Suðurlandi sem gerir erfitt um vik að draga ályktanir. Vonandi eiga niðurstöður þessa verkefnis eftir að koma að gagni við skógræktarráðgjöf í framtíðinni.

